

**Nd.**

**8. Frumvarp til laga**

[8. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. janúar 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Í stað orðanna „nr. 70 30. júní 1958“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 15000—20000 kr., ef skipið er 200—600 rúmlestir brúttó að stærð, og 15000—25000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Einnig er heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsímál út af broti, og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Um upptöku afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða. Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða með sektum, 200—2000 kr.

Leggja má lögald á skipið og selja það að undangenginni aðför, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

### 3. gr.

Fyrri málsliður 6. gr. laganna orðist svo: Skipstjóri, er gerir sig sekan um ítrekað brot gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 4. gr., sæta varðhaldi eigi skemur en 2 mánuðum.

Í stað orðsins „fangelsi“ í síðari málslið greinarinnar komi: varðhald og í stað „3. gr.“ komi: 4. gr.

### 4. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Allar sektir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgissjóð Íslands.

### 5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau inn í meginmál laga nr. 5 18. maí 1920 með áorðnum breytingum og gefa þau út að nýju með fyrirsögninni: Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rætt hefur verið um það á undanförunum þingum, að tímabært væri að endurskoðun yrði gerð á ýmsum atriðum í lögum nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. niðurstöðu sjávarútvegsnefndar Nd. á þskj. 565 1964—65. Einkum hefur þótt þörf á endurskoðun ákvæða laganna um viðurlög við brotum gegn þeim. Koma fram ýmis lögfræðileg vandamál í því sambandi, sbr. bendingar í umsögn saksóknara ríkisins, sem er fylgiskjal með framangreindu þskj.

Því verður ekki neitað, að þrátt fyrir það, að ákvæði laganna um, að sektir skuli miðaðar við gullkrónur, hafa tryggt það, að sektir hafa fylgt breyttu verðgildi peninga, þá valda aðrar ástæður því, að eðlilegt er talið, að sektir verði nú hækkaðar. Eftir stækkun fiskveiðilandhelginnar þarf löggæzlan að ná til miklu stærri hafsvæða en áður og skapar það auðvitað meiri erfiðleika, sem m. a. má bregðast við með hertum viðurlögðum. Þau skip, sem veiðarnar eru nú stundaðar með, eru miklum mun stærri en áður tíðkaðist, og þau og búnaður þeirra stórum fullkomnari og veiðimöguleikar auknir að því leyti. Öll þessi atriði sýnast gera allverulega hækkun viðurlaga tímabæra.

Annað atriði, sem nokkuð hefur verið á dagskrá, er sá vandi, sem skapast hefur, þegar ekki hefur verið mögulegt að koma fram refsíabyrgð gegn skipstjóra, þótt málsástæður geri viðurlög eðlileg. Er í frumvarpi þessu horfið að því ráði að haga ákvæðum á líkan hátt og gert er í löggjöf Norðmanna, en þar er heimiluð upptaka verðmæta, þótt ekki komi til refsímáls. Verður gerð nánari grein fyrir þeim ákvæðum hér á eftir.

Nokkur önnur ákvæði laganna þurfa breytinga við, en þar er einkum um að ræða lagfæringar á hnökrum, sem komið hafa fram við margendurteknar breytingar

á lögunum á löngu árabili. Einnig þykir þá rétt, að lögin verði gefin út að nýju í samfelldum texta, þar sem margvíslegt óhagræði er að því að fjalla um texta, sem svo oft hefur verið breytt.

Um 1. gr.

Lagfæra þarf tilvisun 1. greinar laganna (l. nr. 6 frá 1959) í reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 70 1958, og þykir þá hentugast að gera það með vísun til laganna nr. 44 1948, í stað númeris reglugerðar, sem ávallt getur breytzt.

Um 2. gr.

Í breytingum þessarar greinar á 4. gr. laganna er að finna veigamestu breytingar á lögunum, sem ráðgerðar eru með þessu frumvarpi. Lagt er til, að lágmark sekta skipa yfir 200 rúmlestir brúttó hækki um 50%, þ. e. úr 10 þús. í 15 þús. (gull)-krónur, en hámark verði 20 þús. eða 25 þús. krónur eftir stærð skipanna, og miðað við 600 rúmlesta mark. Í 100 gullkrónum eru nú 1951.09 pappírskrónur.

Í upptökuákvæðunum í 1. mgr. greinarinnar, sem eru að norskri fyrirmynd, er farið inn á nýjar brautir, þannig að heimilað er að beita upptöku á skipi eða andvirði þess að hluta, og að heimilað er að beita slíkri upptöku jafnhliða sektum. Gerir þetta einnig mögulegt að koma fram viðurlögum á lagalega óaðfinnanlegan hátt og eftir skýrum lagaheimildum, þótt ekki verði komið fram refsíabýrgð. — Í Noregi hefur þróun orðið sú, að beitt hefur verið tiltölulega lágum sektum, en fjárhagslegu viðurlögin hafa fyrst og fremst falizt í upptöku og þá með ákveðnum krónufjölda af andvirði skips. — Hér á landi, þar sem um langt árabil hefur verið beitt allháum sektum, mundi ekki þykja rétt að hverfa frá tiltölulega háum lágmarkssektum, og munu því sektirnar áfram verða höfuðviðurlög við brotum gegn fiskveiðilöggjöfinni, þótt dómstólarnir fái viðbótar lagaákvæði í hendur við ákvörðun viðurlaga. — Þá eru í lok mgr. ákvæði um það, hvert skuli beina málatilbúnaði til upptöku verðmæta.

Ekki hefur þótt ástæða til að breyta sektarákvæðum 2. mgr. („hlerasektir“), en skýrara þykir að fella 3. mgr. núgildandi 4. gr. inn í 2. mgr., þar sem hún einungis vísar til hennar.

Betur þykir fara á, að ákvæði um miðun við gullkrónur komi sem upphafsákvæði 7. gr. laganna.

Lokaákvæði frumvarpsgreinarinnar, um niðurfall réttinda þriðja manns í upptækum verðmætum, þykir nauðsynlegt til að taka af tvímæli.

Um 3. gr.

Breytingar á 6. gr. eru einungis lagfæringar vegna breyttrar löggjafar frá setningu laganna 1920, svo og ein leiðrétting.

Um 4. gr.

Eins og áður segir þykir fara betur á, að ákvæðið um gullkrónuviðmiðun sé í 7. gr. Jafnframt er vikið við orðalagi vegna breytingar á upptökuákvæðunum.

Um 5. gr.

Aðeins lagfæring vegna nýrri löggjafar.

Um 6. gr.

Eins og áður segir er texti laganna orðinn svo marg samansettur, að nauðsyn er á að gefa þau út að nýju. Er þá jafnframt lagt til, að breytt verði fyrirsögn laganna, vegna þeirrar breytingar, sem varð 1959, er bætt var í lögin banni við veiðum með flotvörpu. Er sú nákvæmni e. t. v. smekksatriði.